

Mál nr. 52/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda

Vinnuslys þann 12.04. 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.02. 2003, ásamt fylgiskjöllum, þ. á m. tjónstilkynningu, skýrsla Vinnueftirlits ríkisins, og samskipti lögmanns M og vátryggingafélagsins.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.03. 2003, ásamt fylgiskjöllum þ.e. tjónstilkynningu, dags. 04.11. 2002, lögregluskýrslur, dags. 14.04. 2002 og 03.05. 2002, tölvupósti félagsins og vátryggingartaka, dags. 11.12. 2002, skýrslu vátryggingartaka, dags. 07.01. 2002, og afrit ljósmynda af vettvangi.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1117/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

M var að störfum sem smiður í nýbyggingu, hann stóð í stiga og var að fjarlægja steypumót af nýsteypum vegg þegar hann féll úr stiganum og lenti á steypustyrktarjárn sem stakkt í læri hans. Hann mun hafa verið að teygja sig upp til þess að hreinsa steypu af kanti með hamri.

M telur bótaskyldu vera fyrir hendi. Hann telur að rekja megi slysið til bilunar í stiga m.ö.o. vanbúnaðar á vinnustað. Vísað er til röksemda lögmanns M í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi. Í niðurstöðu Vinnueftirlitsins komi fram að slysið verði ekki rakið til meintra galla stigans heldur til þess að ekki hafi verið gengið frá festingum stigans á öruggan hátt þannig að hann gæti ekki runnið til. Talið er líklegt að stiginn hafi runnið til á regnvotum fleka og M misst jafnvægið. Félagið telur engu breyta þó að þrep hafi e.t.v. vantað í stigann. Með öllu sé ósannað að þrepið hafi gefið sig þegar slysið varð.

Vátryggingafélagið telur ósannað hver hafi verið orsök slyssins og í öllu falli sé ósannað að það megi rekja til sakar vátryggingartaka. Um óhappatilvik hafi verið að ræða. Einnig teljist ósannað að stiginn hafi verið haldinn slíkum ágalla fyrir slysið að það hafi orsakað slysið og leitt til bótaábyrgðar vátryggingartaka.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur m.a. fram að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki var gengið frá festingum stigans á öruggan hátt, þannig að hann gæti ekki runnið til. M hafi staðið í þriðja efsta þrepi stigans og teygt sig upp til þess að ná upp á brún flekans, við það hafi stiginn líklegast runnið til á regnvotum flekanum og M misst jafnvægið og fallið niður.

Nefndin telur að rannsókn þess stiga sem hér um ræðir hafi verið ábótavant. Vinnueftirlitið lætur m.a. getið samtals við M, þann 23.04. 2002, varðandi aðdraganda slyssins þar sem hann hafi látið þess getið að eitt þrep hafi vantað í stigann, en hann “virtist í lagi samt sem áður þar sem hann hafði notað hann margsinnis þá um morguninn...”

Ósannað er að slysið megi rekja til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða vanbúnaðar á vinnustað. Ekki er unnt að fallast á að vátryggingartaki beri hlutlæga ábyrgð vegna meints galla eða bilunar í stiganum.

Niðurstaða.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. apríl 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.